

Ár 2010, fimmtudaginn 1. júlí kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram. Í upphafi bauð formaður Ninnu Sif velkomna á sinn fyrsta bæjarráðsfund.

Formaður bar upp eftirfarandi dagskrárbreytingatillögu:

Bæjarráð samþykkir að á dagskrá verði tekinn eftirfarandi liður:

4.3 Minnisblað frá Lex lögmannsstofu dags. 1. júlí 2010

Tillagan samþykkt.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 25. júní 2010.

Í bréfinu er rætt um úthlutanir úr námsgagnasjóði fyrir árið 2010. Hveragerðisbær fær úthlutað kr. 483.776.-
Lagt fram til kynningar.

1.2. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 25. júní 2010.

Í bréfinu er rætt um aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en stefnt er að því að reglur um úthlutun verði tilbúna í byrjun september og greiðslur verði í október og desember.
Lagt fram til kynningar.

1.3. Félagi íslenskra leikskólakennara frá 15. júní 2010.

Í bréfinu er rætt um verklag við ráðningar í stöður stjórnenda og kennara í leikskólum.
Lagt fram til kynningar.

1.4. Gunnari Magnússyni f.h. Eden aldingarður frá 20. júní 2010.

Í bréfinu er rætt um áætlanir rekstraraðila Edens um að flytja inn þrjá apa frá Þýskalandi, jafnframt er óskað eftir stuðningi Hveragerðisbæjar við innflutninginn.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju sinni með metnaðarfull áform nýrra rekstraraðila í Eden. Greinilegt er að þar er nú horft aftur til þess tíma þegar sunnudagsbíltúrarnir voru og hétu. Gríðarlegur fjöldi ferðamanna sótti Hveragerði heim og aþarnir í Michelsen og talandi krákan í Eden voru þjóðþekkt. Öll teikn eru uppi um að slíkir tímar séu nú að nýju gengnir í garð. Með hækkandi bensínverði eru styttri ferðalög aftur efst á vinsældalistanum og því fagnar bæjarráð öllum áformum sem styrkt geta ferðaþjónustu í Hveragerði. Bæjarráð felur bærarstjóra að ræða við

bréfitara varðandi nánari útfærslur á hugmyndinni um innflutning þriggja apa til Hveragerðis.

1.5. Tónsmiðju Suðurlands frá 16. júní 2010

Í bréfinu óskar Tónsmiðjan eftir samstarfi við Hveragerðisbæ vegna tónlistarkennslu nemenda með lögheimili í Hveragerði.

Hveragerðisbær rekur Tónlistarskóla Árnassýslu í samvinnu við önnur sveitarfélög í sýslunni þar sem fjölbreyttri tónlistarfræðslu er sinnt. Erindi hafa áður borist þar sem óskir hafa verið settar fram um þátttöku sveitarfélagsins í Tónsmiðju Suðurlands. Þeim hefur verið hafnað með vísan í það að sveitarfélagið rekur nú þegar tónlistarskóla. Engar forsendur hafa breyst vegna þessa og því sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.6. Skólaskrifstofu Suðurlands frá 22. júní 2010.

Í bréfinu er lögð fram umsögn skólasálfræðings vegna vistunar nemenda í skóla utan lögheimilissveitarfélags.

Þar sem nemandinn mun hefja nám í grunnskólanum í Hveragerði í haust er ekki lengur þörf á aðkomu bæjarráðs að málinu.

1.7. Sveitarfélaginu Ölfus.

Í bréfinu er tilkynnt að Dagbjört Helga Guðmundsdóttir og Baldur Guðmundsson verði aðalfulltrúar Sveitarfélagsins Ölfuss í fræðslunefnd. Charlotte Clausen og Ingibjörg Kjartansdóttir varamenn. Lagt fram til kynningar.

2. Starfsmanna málefni:

2.1. Bréfaskipti Kennarasambands Íslands og skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði.

Lögð fram bréf milli Kennarasambands Íslands og skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði vegna ráðningu starfsfólks til kennslu.

Bæjarráð undrast þann misskilning sem ráðuneytið setur fram í bréfaskriftum en fagnar lokaniðurstöðu þess um að viðhlítandi skýringar hafi fengist á erindinu og að ráðuneytið muni ekki aðhafast frekar í málinu.

2.2. Bréf frá Elfu D. Þórðardóttur frá 28. júní 2010.

Í bréfinu segir Elfa Dögg lausu starfi sínu sem mannvirkja- og umhverfisfulltrúi hjá Hveragerðisbæ.

Bæjarráð þakkar Elfu Dögg frábær störf fyrir Hveragerðisbæ en undir hennar stjórn hefur umhverfi og útlit bæjarfélagsins tekið stakkaskiptum.

Óskar bæjarráð Elfu jafnframt velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

2.3. **Ákvörðun um þóknun til sveitarstjórnarmanna skv. 35. grein laga um sveitarstjórnir nr. 45/1998.**

Málið rætt.

3. **Tæknileg málefni:**

3.1. **Ástandsmat og forgangsröðun á fráveitukerfum.**

Lagt fram tilboð frá Verkís um að gera ástandsmat og forgangsráða verkefnum í fráveitukerfi bæjarins.

Bæjarráð samþykkir tilboðin. Kostnaður við ástandsmatið og forgangsröðunina verði greiddur af þeim tjónabótum sem fengist hafa vegna skemmda á fráveitukerfi bæjarins sem urðu við jarðskjálftann 2008.

4. **Fjárhagsleg málefni:**

4.1. **Kauptilboð í Reykjamörk 2.**

Lagt fram kauptilboð frá Elke Gunnarsson í fasteignina Reykjamörk 2 íbúð 102 upp á kr. 12 milljónir.

Bæjarráð samþykkir að gera gagntilboð uppá kr. 12, 3 mkr. Verði gengið að því er bæjarstjóra falið að undirrita kaupsamning og afsal fyrir hönd bæjarins.

4.2. **Rekstraryfirlit fyrstu fimm mánuði ársins 2010.**

Lagt fram rekstraryfirlit frá 1. janúar til 31. maí 2010.

Bæjarstjóri fór yfir rekstraryfirlitið sem lagt er fram til kynningar.

Bæjarráð samþykkir að rekstraryfirlit fyrstu 8 mánuði ársins verði lagt fyrir bæjarráð í september.

4.3. **Minnisblað frá Lex lögmansstofu dags. 1. júlí 2010.**

Í minnisblaðinu er fjallað um álagningu gatnagerðargjalds og möguleg viðbrögð við úrskurði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í stjórnslumáli nr. 74/2009.

Bæjarráð samþykkir tillögu lögmanna um að gatnagerðargjald verði lagt á að nýju með vísan til eldri samþykktar. Bæjarstjóra og lögmanni falin nánari úrvinnsla málsins.

5. **Verkfundagerðir:**

5.1. **Gatnagerð Hveragerði 2009 frá 28. júní 2010.**

Bæjarráð samþykkir fundargerðina.

6. Fundargerðir til kynningar:

6.1. Stjórn SASS frá 25. júní 2010.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18.07

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir (sign)

f

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)